



Reykjavík 26. maí 2023

## Niðurstaða athugunar á meðhöndlun Íslandsbanka hf. á SME í útreikningi á eiginfjárförf og notkun breytistuðla

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf í mars 2022 athugun á verklagi Íslandsbanka hf. (hér eftir bankinn) við að ákvarða hvaða aðilar falla undir skilgreiningu lítilla og meðalstórra félaga (SME) skv. ákvæði 501. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (CRR) sbr. lög nr. 161/2002, um fjármála-fyrirtæki (fftl.). Samhliða kannaði fjármálaeftirlitið verklag bankans við flokkun áhættuskuldbindinga utan efnahags og beitingu breytistuðla, sbr. 111. gr. CRR. Athugunin var hluti af þemaathugun fjármálaeftirlitsins hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf.

Við vettvangsathugunina lagði fjármálaeftirlitið sérstaka áherslu á að kanna þau viðmið sem bankinn notaði við mat sitt og hvort þau væru í samræmi við þær kröfur sem lög, reglugerðir og tilmæli segja til um. Þá voru valin úrtök til könnunar á afmörkuðum hluta eiginfjárskýrslu bankans, m.v. 31. desember 2021.

Niðurstaða lá fyrir í september 2022. Með hliðsjón af þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina gerði fjármálaeftirlitið eftirfarandi athugasemdir við bankann:

- Að verklagi bankans við mat á því hvaða skuldbindingar eru tækar til lækkunar á áhættugrunni hafi verið verulega ábótavant, sbr. 501. gr. CRR og þágildandi 17. gr. fttl. Jafnframt að skortur hafi verið á heildstæðri umgjörð í tengslum við mat bankans á því hvort hlutaðeigandi lántakar teldust lítið eða meðalstórt fyrirtæki skv. b-lið 2. mgr. 501. gr. CRR og tilmæli framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, (Commission Recommendation 2003/361/EC) um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum.
- Að flokkun bankans á ónýttum útlánaheimildum í COREP skýrslu hafi verið röng. Flokkunin miðaðist við tímabilið frá dagsetningu skýrslunnar og til lokadagsetningar lánsammansins, þ.e. það sem eftir er af skuldbindingunni, í stað upphaflegs lánstíma, eins og kveðið er á um í 111. gr. CRR.